# Velferðartæknismiðja RVK

Staðan í október 2022

REYKJAVÍK
fyrir okkur öll

# Dagskrá

## Hvað verður fjallað um í dag?


**01** **Skilgreiningar**
Hvað er velferðartækni?

**02** **Áskoranir komandi ára**
Hvaða breytingar eru í gangi?

**03** **Stefna**
Hverjar eru áherslur RVK?

**04** **Markmið og mælikvarðar**
Hvaða árangri ætlum við að ná 2022-2023?

**05** **Ársfjórðungsáætlun Q4**
Hvað verður gert í okt-des 2022?

# Skilgreiningar

## Eru snjalltæki og hjálpartæki velferðartækni?

### Velferðartækni með þjónustu

Velferðartækni ætluð til þess að viðhalda eða bæta heilsu, færni og virkni, **og hefur þjónustu til viðbótar við tæknina**. Velferðartækni deilir gögnum með meðferðar- og/eða eftirlitsaðila

### Hjálpartæki

### Önnur snjalltæki og hjálpartæki



# Skilgreiningar

## Hvað er velferðartækni?

Með **velferðartækni** á að stuðla að aukinni vellíðan, sjálfstæði, öryggi og **lífsgæðum borgarbúa** til að gera þeim kleift að búa við bestu mögulegu aðstæður á heimilum sínum og ber starfsfólki velferðarsviðs, í samráði við notendur, að finna þær leiðir sem henta hverjum og einum.

# Áskoranir komandi ára

## Hvaða breytingar eru í gangi?

- Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar
    - Fólk 65 ára og eldri verði meira en 25% þjóðarinnar
    - Aukin þörf á heilbrigðisþjónustu
- Auknar kröfur í þjónustu við fatlað fólk
- Breytt samfélagsleg viðmið
- Umhverfismál

# Stefna RVK um velferðartækni

14 áherslur Reykjavíkurborgar

REYKJAVÍK
fyrir okkur öll

# Stefna RVK um velferðartækni

## Hverjar eru 14 áherslur Reykjavíkurborgar í velferðartækni?

1. Velferðartækni skal stuðla að einstaklingsmiðaðri og skilvirkri þjónustu sem er hönnuð út frá þörfum notenda til að takast á við daglegt líf og vera virkir þátttakendur í samfélaginu.
2. Velferðartækni skal stuðla að þátttöku og valdeflingu notenda við að viðhalda eða auka eigin heilbrigði og lífsgæði.
3. Nýting velferðartækni er ekki ætlað að koma í stað mannlegra samskipta starfsfólks og notenda eða heimsókna þar sem þess er þörf.
4. Velferðartækni skal stuðla að fjölbreyttri og sveigjanlegri þjónustu sem miðar að einstaklingsmiðuðum þörfum og tryggja skal markvisst og reglulegt samráð við notendur og aðra hagsmunaaðila.
5. Velferðartækni skal stuðla að því að auka tengingar milli þjónustueininga innan sem utan borgarinnar og styðja við samþætta þjónustu með þarfir notenda að leiðarljósi.
6. Velferðartækni skal auðvelda samskipti notenda, aðstandenda og starfsfólks.
7. Velferðartækni skal auka aðgengi, viðbragðssnerpu og einfaldleika þjónustunnar og auðvelda starfsfólki að veita örugga og faglega þjónustu á grundvelli áreiðanlegra gagna.
8. Velferðarsvið skal prófa og innleiða tæknilausnir sem styðja við faglegt, öruggt og nútímalegt starfsumhverfi.

# Stefna RVK um velferðartækni

## Hverjar eru 14 áherslur Reykjavíkurborgar í velferðartækni?

9. Starfsfólki skal veitt svigrúm til að taka þátt í prófunum og innleiðingu á velferðartækni og hvetja skal markvisst til frumkvæðis, sérhæfingu og valdeflingu starfsfólks á sviði nýsköpunar og tækni.

10. Tryggja skal öryggi við notkun velferðartækni, með markvissri fræðslu, þjálfun og kynningu þar sem tekið er tilliti til mismunandi þarfa notenda, aðstandenda og starfsfólks.

11. Velferðarsvið skal með markvissum hætti leita nýrra tækifæra í nýsköpun og þróun, m.a. með samstarfi við rannsókna- og háskólasamfélagið, frumkvöðla og fyrirtæki á forsendum velferðarsviðs

12. Innleiðing velferðartæknilausna skal ávallt tekin til greina sem mögulegur hluti af þjónustunni þegar leysa þarf áskoranir í þjónustu velferðarsviðs.

13. Þær velferðartæknilausnir sem prófaðar eru skal ætíð meta í samræmi við notagildi þeirra, þá þjónustuþætti sem þeim er ætlað að leysa og kostnað við þá.

14. Velferðartækni skal stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum er snúa að líkamlegri- og andlegri heilsu fólks í þeim tilgangi að fólk geti lifað sjálfstæðu lífi við góð lífsgæði eins lengi og kostur er.

# Markmið og mælikvarðar

Velferðartæknismiðjan 2022-2023

REYKJAVÍK
fyrir okkur öll

# Markmið og mælikvarðar 2022-2023

Velferðartæknismiðja Reykjavíkurborgar

01 Nýtum fyrst velferðartækni

02 Hugum að heilsunni

03 Leiðum til framtíðar

04 Verum mannleg

# Nýtum fyrst velferðartækni

1 5 7 12

*Velferðartækni er fyrsti valkostur í veitingu þjónustu*

## Mælikvarðar

**01** 150 íbúar með lyfjaskammtara á mánuði

**02** 130 íbúar fá skjáheimsóknir á mánuði

**03** 60 fatlaðir íbúar nýta velferðartækni á mánuði

**04** 20 íbúar í sértæku húsnæði nota skynjara á mánuði

**05** 10 fullbúnir verkferlar eða gæðaskjöl í upplýsingabrunni



# Hugum að heilsunni



*Íbúar fá tækifæri til að huga að eigin heilsu með aðstoð velferðartækni*

## Mælikvarðar

| | | |
|---|---|---|
| 01 | 40 íbúar í fjarvöktun hjartabilunareinkenna á mánuði | 40 |
| 02 | 20 íbúar fá fjarsjúkraþjálfun í mánuði | 20 |

# Leiðum til framtíðar

8 9 10 11 13

*Reykjavíkurborg er leiðandi við innleiðingu velferðartækni*

## Mælikvarðar

| | | |
|---|---|---|
| 01 | 3 þjónustuþættir færist úr prófunarfasa yfir í rekstur | 3 |
| 02 | 5 ný prófunarverkefni verði hafin | 5 |
| 03 | Regluleg samskipti við 20 helstu hagaðila | 20 |
| 04 | 10 samráðsfundir við erlenda aðila | 10 |
| 05 | 10 fréttatilkynningar á Reykjavik.is og öðrum miðlum Reykjavíkurborgar | 10 |

# Verum mannleg

3 4 6

*Þjónustan verður mannlegri með nýtingu velferðartækni*

## Mælikvarðar

| | | |
|---|---|---|
| 01 | 100% íbúa í þjónustu VTS ánægðir með þjónustuna | 100% |
| 02 | 100% starfsfólks sem vinnur með velferðartækni á miðstöðvum ánægt með þjónustuna | 100% |
| 03 | 3 námskeið í samskiptum fyrir starfsfólk skjávers | 3 |
| 04 | 10 samráðsfundir við hagsmunasamtök | 10 |

# Ársfjórðungsáætlun Q4 2022

Velferðartæknismiðjan

REYKJAVÍK
fyrir okkur öll

# Ársfjórðungsáætlun Q4 2022

## Velferðartæknismiðjan



# Nafn verkefnis

## Verkefni

Ársfjórðungur

Áætluð lengd

Verkefni hefst

Verkefni lýkur

Lýsing á verkefni

Teymismeðlimir

Staðan í dag

Helstu hagaðilar

Mögulegar hindranir

Notendur

Ætlaður ávinningur

Auðlindir

# Nafn verkefnis

## Niðurstaða

Ársfjórðungur

Lengd

Verkefni hófst

Verkefni lauk

Niðurstaða

Teymismeðlimir

Afurðir

Nýttar auðlindir

Hindranir

Eftirfylgd

Ávinningur

Staða í lok Q4

REYKJAVÍK
fyrir okkur öll